

CA/32-13




# AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKUR 1992 - 2012 GREINARGERÐ



SÚÐAVÍKURHREPPUR

SKIPULAG RÍKISINS  
OKTÓBER 1993



4803

B 40.1  
(1.4)  
SÚÐ

AÐALSKIPULAG SÚÐAVÍKUR  
1992 - 2012  
GREINARGERÐ



SÚÐAVÍKURHREPPUR



SKIPULAG RÍKISINS  
OKTÓBER 1993



- 1 INNGANGUR
  - 1.1 Vinnan við aðalskipulagið.
  - 1.2 Um aðalskipulag.
  - 1.3 Skýringar hugtaka.
- 2 FORSENDUR AÐALSKIPULAGSINS
  - 2.1 Forsendur frá náttúrunnar hendi.
  - 2.2 Almenn lýsing staðhátta.
  - 2.3 Veðurfar/snjóflóð.
  - 2.4 Hafið og miðin.
- 3 FORSENDUR BYGGÐARINNAR
  - 3.1 Saga byggðar og þróun.
  - 3.2 Íbúáþróun Vestfjarða.
  - 3.3 Íbúáþróun Súðavíkur.
  - 3.4 Mælingar og eldri skipulagsáætlanir.
- 4 AÐALSKIPULAGIÐ 1992 - 2012
  - 4.1 Markmið og tilhögun framtíðarbyggðar.
  - 4.2 íbúðabyggð.
    - 4.2.1 Almenn.
    - 4.2.2 Núverandi íbúðarhúsnæði.
    - 4.2.3 Húsnæði og landnotkun.
  - 4.3 Atvinnulíf.
    - 4.3.1 Almenn lýsing.
    - 4.3.2 Landbúnaður.
    - 4.3.3 Fiskveiðar.
    - 4.3.4 Fiskvinnsla
    - 4.3.5 Iðnaður.
    - 4.3.6 Verslun, skrifstofur.
    - 4.3.7 Landnotkun og mannaflí.
  - 4.4 Opinber þjónusta.
    - 4.4.1 Almenn.
    - 4.4.2 Skóli.
    - 4.4.3 Heilbrigðismál.
    - 4.4.4 Dagvistun.
    - 4.4.5 Félagsheimili og félagastarfsemi.
    - 4.4.6 Kirkja, kirkjugarður.
    - 4.4.7 Opinber stjórnun.
    - 4.4.8 Bókasafn.
    - 4.4.9 Sundlaug.
    - 4.4.10 Póstur og sími.
    - 4.4.11 Ferðamannaþjónusta.
  - 4.5 Samgöngur
    - 4.5.1 Almenn.
    - 4.5.2 Samgöngur á landi.
    - 4.5.3 Flokkun gatna.
    - 4.5.4 Göngustígar og hjólreiðabrautir.
    - 4.5.5 Samgöngur á sjó.
    - 4.5.6 Hafnarsvæðið.
    - 4.5.7 Flugsamgöngur.
  - 4.6 Umhverfi og útivist
    - 4.6.1 Almenn.
    - 4.6.2 Íþróttasvæði.
    - 4.6.3 Vetrariþróttir.
    - 4.6.4 Almenningsgarðar.
    - 4.6.5 Hestamennska.

- 4.7 Ýmis þjónusta
  - 4.7.1 Vatnsveita.
  - 4.7.2 Brunavarnir.
  - 4.7.3 Rafveita.
  - 4.7.4 Hitaveita
  - 4.7.5 Skólp.
  - 4.7.6 Sorpeyðing.
- 5 FRAMKVÆMD SKIPULAGS OG ENDURSKOÐUN
  - 5.1 Framkvæmd skipulags og endurskoðun.
  - 5.2 Meginþættir aðalskipulagsins.
  - 5.3 Eignarhald á landi.
- 6 LOKAORÐ OG HEIMILDIR
  - 6.1 Lokaorð
  - 6.2 Heimildir

#### Myndaskrá

- Mynd
- 1. Yfirlitsmynd/hreppamörk
  - 2. Snjóflóðahættumat
  - 3. Þróun þéttbýlisstaða á Vestfjörðum
  - 4. Þróun þéttbýlis og dreifbýlis á Vestfjörðum
  - 5. Fjöldi aðfluttra og brottfluttra á Vestfjörðum 1977-1992
  - 6. Fjöldi íbúa í Súðavík 1920-1990 og framreikningur til ársins 2012
  - 7. Fjöldi aðfluttra og brottfluttra í Súðavík 1978-1992
  - 8. Aldursskipting allt landið og Súðavík 1993
  - 9. Aðalskipulag Súðavíkur 1974
  - 10. Atvinnuskipting í Súðavík 1990
  - 11. Hlutfallsleg skipting í Súðavík 1981-1990
  - 12. Unnin aflí í Súðavík 1977-1992
  - 13. Skipting afla í Súðavík eftir mánuðum 1992
  - 14. Framkvæmdasvæði

#### Töfluskrá

- Tafla
- 1. Meðalhiti árin 1931-1960
  - 2. Meðalúrkoma árin 1931-1960
  - 3. Meðaltal fullgerðra íbúða

# **1 INNGANGUR**

## 1 INNGANGUR

### 1.1 Vinnan við aðalskipulagið.

Árið 1984 hófst vinna við aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012, lokavinna við greinargerð og uppdrátt var að mestu leyti unnin í byrjun ársins 1986, nokkuð hlé varð síðan á þeirri vinnu í kjölfar snjóflóða og snjóflóðamats sem gert var fyrir byggðina.

Af hálfu Skipulags ríkisins vann Benedikt Björnsson í byrðun við gerð uppdráttar, en Unnsteinn Gíslason vann að gerð greinargerðar og við lokafrágang á uppdrætti. Teiknivinna hefur verið í höndum Sigríðar Gunnarsdóttur.

Af heimamönnum hefur vinnan við aðalskipulagið einkum mætt á sveitarstjóranum Steini Inga Kjartanssyni, Auðunni Karlssyni og núverandi sveitarstjóra Sigríði Hrönn Elíasdóttur og öðrum aðilum hreppsnefndar. Einnig hefur verið leitað til fjölmargra aðila í upplýsingaskyni.

### 1.2 Um aðalskipulag.

Samkvæmt gildandi lögum (Skipulagslög nr. 19/1964 ásamt breytingum nr. 31/1978) eru öll sveitarfélög skipulagsskyld, og skal gera skipulagsuppdrætti af öllum þéttbýlisstöðum. Í reglugerð sem fylgir skipulagslögum (Reglugerð um gerð skipulagsáætlana nr. 217/1966) er kveðið á um gerð aðalskipulags og segir þar í 6.gr.:

"Aðalskipulag skal miða við ákveðið tímabil, þannig að því er ætlað að fullnægja áætluðum þrófum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera 20 ár.

Eigi sjaldnar en á fimm ára fresti frá gildistöku aðalskipulags á að taka það til endurskoðunar, þá á að áætla þarfir að nýju, miðað við næstu tuttugu ár frá þeim tíma, og einnig að meta hvort aðrar forsendur aðalskipulagsins hafi breyst.

Ef tilefni er þá til að dómi skipulagsstjórnar eða sveitarstjórnar skal gera nýja áætlun um aðalskipulag".

Þá er í reglugerðinni kveðið á um að sýna skuli á uppdrætti:

"Skiptingu byggðar í íbúðarhverfi, iðnaðarhverfi, athafnasvæði til fiskverkunar og önnur athafnahverfi eftir tegund

starfsemi, flugvelli og hafnarsvæði, svo og staðsetningu opinberra bygginga og annarra mannvirkja til almannaþarfa".  
(7. gr.1.mgr.)

Og í 8.gr. segir:

"Uppdrætti að aðalskipulagi skal fylgja greinargerð um aðstæður á hlutaðeigandi stað, þegar aðalskipulagið er gert, t.d. um íbúafjölda, atvinnumál, samgöngumál og byggingarmál. Þá skal og gerð grein fyrir sennilegri þróun mála á hlutaðeigandi stað".

Um framlagningu skipulagstillagna, samþykkt þeirra og staðfestingu, segir í skipulagslögum:

"Nú ákveður skipulagsstjórn að leggja skipulagstillögu samkvæmt 15. og 16.gr. fram opinberlega, og skal hún þá auglýsa slíkt á þann hátt, sem venja er um auglýsingar stjórnvalda á umræddum stað.

Skal þar tilgreint yfir hvaða svæði tillagan nái, hvar uppdrættir ásamt fylgiskjölum séu til sýnis og hve lengi, en það má eigi vera skemur en 6 vikur, hvert skila skuli athugasemdum við tillöguna og innan hvers frests, en hann má eigi vera skemmri en 8 vikur frá birtingu auglýsingar, og jafnframt skal tekið fram að þeir, sem eigi geri athugasemdir innan tilskilins frests, teljist samþykkja tillöguna.

Skipulagsstjórn getur falið sveitarstjórn að annast framlagningu tillagna og auglýsinga, samkvæmt 1.mgr. 18.gr.  
Athugasemdum við skipulagstillögu skal skilað til sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal innan 8 vikna, nema skipulagsstjórn ákveði lengri frest, senda skipulagsstjórn athugasemdir þær, er borist hafa ásamt umsögn sinni um hverja athugasemd og endanlega umsögn um uppdráttinn.

Skipulagsstjórn gengur síðan endanlega frá uppdrættinum og sendi hann ráðherra til staðfestingar.

Þegar ráðherra hefur staðfest uppdrátt, skal það birt í Stjórnartíðindum ásamt greinargerð skipulagsstjórnar um mörk hins skipulagða svæðis, og annað, er hún telur máli skipta".



Ljóst er að skipulagsmál eru í grundvallaratriðum mótandi um framtíðarþróun bæja og sveitarfélaga, dragast þá margir þættir inn í frumvinnuna, svo sem atvinnumál, húsnæðismál, félagsmál, opinberar framkvæmdir og útivist.

Áhugi yfirvalda, bæjar- og sveitarstjórna hefur aukist á skipulagsmálum, hið sama má segja um áhuga almennings, þótt þátttaka og möguleikar þeirra til að hafa áhrif á ákvaðanir í skipulagi séu takmarkaðir.

Að öllu jöfnu er skipulagsvinnan tímafrek þar að forsendur geta breyst á tiltölulega stuttum tíma. Kemur þetta fram m.a. þar sem endurskoða skal aðalskipulag á fimm ára fresti. Markmið aðalskipulagsins í Súðavík er að vera hjálpargagn heimamanna um landnýtingu og röð framkvæmda, einnig við gerð fjárhagsáætlana.

### 1.3 Skýringar hugtaka.

Hér skal reynt að skilgreina nokkur af þeim hugtökum og orðum sem algeng eru í umfjöllun um skipulagsmál. Mörg hugtökin hafa lagalega skilgreiningu, sem er þá notuð, en önnur eru skilgreind eftir notkun þeirra í þessum texta.

**Aðalskipulag:** Áætlun sem kveður á um meginatriði varðandi þróun byggðar á hlutaðeigandi stað á tilteknu tímabili, skipulagstímabili. Er þar m.a. tilgreind landnotkun og staðsetning meginþátta athafnalífsins og lega helstu umferðaaæða. (Sjá nánar 1.1 um aðalskipulag.)

**Byggingarfulltrúi:** Framkvæmdarstjóri byggingarnefndar. Byggingarfulltrúi tekur við umsóknum um byggingarleyfi og öðrum erindum til byggingarnefndar og undirbýr fundi nefndarinnar og mál sem þar eru lögð fram. Honum er ætlað að ganga úr skugga um byggingaruppdrættir séu í samræmi við skipulag, reglugerðir um brunavarnir, heilbrigðisreglugerð, öryggisreglur og aðrar reglur og lög um byggingarmál.

**Byggingarnefnd:** Í hverju sveitarfélagi skal eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar kjósa byggingarnefnd sem skal skipuð 3, 5 eða 7 mönnum eftir ákvörðun sveitarstjórnar. Sveitarstjórn kýs menn í byggingarnefnd, aðalmenn og varamenn skv. ákv. sveitarstjórnarlaga. Byggingarnefnd fer með byggingarmálefni sveitarfélags undir yfirstjórn sveitarstjórnar og félagsmálaráðuneytis. Nefndin hefur umsjón með því, að byggt sé í samræmi við skipulag og ákvæði byggingarreglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða um byggingarmálefni.

**Deiliskipulag:** Skal gert um þau svæði innan aðalskipulags, þar sem slíks er talin þörf, t.d. vegna mikillar íbúafjölgunar, óhagkvæmrar lóðaskiptingar eða landamerkjá

eða þar sem meiri háttar byggingarstarfsemi er hafin eða fyrirhuguð. Í deiliskipulagi skal gerð nánari grein fyrir meginatriðum aðalskipulagsins, t.d. um byggingarsvæði, óbyggð svæði og umferðarkerfi.

Flokkun gatna: Götum er skipt í tvo meginhópa eftir hlutverki, húsagötur og umferðarbrautir.

- Húsagata veitir aðkomu að húsum og lóðum og tengist safnbrautum. Við gerð húsagatna er miðað við hægan akstur.

- Umferðarbraut er fyrst og fremst ætluð fyrir gegnumakstur en gerður er greinarmunur á safnbraut, tengibraut og stofnbraut.

Safnbraut eru umferðargötur innan hvers hverfis og beina umferðinni inn á tengibrautir. Óþskilegt er að hafa beina aðkomu að lóðum frá safnbrautum, en víða í eldri hverfum verður ekki hjá því komist.

Tengibrautir og stofnbrautir eru í smærri bæjarfélögum nánast sami flokkur aðalumferðarræða. Forðast ber að hafa lóðaraðkomu frá þessu umferðargötum.

**Friðlýst svæði:** Náttúruverndarráð getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fornar eldstöðvar, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær eru fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkv. 22.gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971, nefnast náttúruvætti. Friðuð landsvæði nefnast friðlönd. Friðlýsing felur í sér reglur um umferðarrétt og umgengnisskyldur, mannvirkjagerð og nytjarétt.

**Framreikningar:** Áætlun til ákveðins tíma byggð á mati á upplýsingum undanfarinna ára og útreikningum.

**Náttúruverndarnefndir:** Í hverju sýslu-og bæjarfélagi skal starfa þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd. Hlutverk þeirra er að stuðla að náttúruvernd á sínu svæði.

**Nýtingarhlutfall:** Hlutfall milli samanlagðs gólfflatarmáls og flatarmáls lands.

Gerður er greinarmunur á:

1) Nýtingarhlutfall lóða sem er hlutfall á samanlögðum brúttógólffleti húss og afmarkaðrar lóðar.

2) Nýtingarhlutfall byggðarreits er samanlegt brúttógólfflatarrými á reitnum deilt með stærð reitsins.

(Byggðarreitur: Takmarkaður fjöldi lóða ásamt gangstigum og t.d. sameiginlegu leiksvæði sem afmarkast af akbrautum.)

3) Nýtingarhlutfall svæðis er nýtingarhlutfall stærri bæjarhluta og inniheldur þá götu og önnur sameiginleg svæði.

**Samþykkt skipulag:** Yfirlýsing sveitarstjórnar um að hún aðhyllist ákveðna tillögu að skipulagi. Slikt er að jafnaði nauðsynlegur undanfari þess að ráðherra staðfesti skipulag.

**Skipulagstímabil:** Það tímabil sem skipulag nær til. Aðalskipulag skal miða við ákveðið tímabil, þannig að því er ætlað að fullnægja áætluðum þörfum eigi skemur en til loka skipulagstímabilsins. Tímabil aðalskipulags skal að jafnaði vera 20 ár.

**Skipulagsstjóri:** Skipaður af félagsmálaráðherra og fer með umboð ráðuneytis og skipulagsstjórnar varðandi framkvæmdir í skipulagsmálum, s.s. mælingar, gerð skipulagsuppdráttar og endurskoðun þeirra.


**Skipulagsstjórn:** Félagsmálaráðuneytið fer með stjórn skipulagsmála samkvæmt lögum 19/1964. Ráðuneytinu til aðstoðar eru skipulagsstjórn ríkisins og skipulagsstjóri. Í skipulagsstjórn eiga sæti 5 menn: Húsameistari ríkisins, vegamálastjóri, víta- og hafnamálastjóri, svo og tveir menn skipaðir af ráðherra til fjögurra ára eftir almennar sveitarstjórnarkosningar, annar eftir tilnefningu sambands íslenskra sveitarfélaga en hinn án tilnefningar.

Verkefni skipulagsstjórnar er að ganga frá skipulagsuppdráttum er berast til staðfestingar, eiga frumkvæði að skipulagningu og endurskipulagningu, þar sem hún telur þess þörf, vera opinberum aðilum til ráðuneytisins um allt, sem skipulagsmál varðar, og fara að öðru leyti með stjórn skipulagsmála eftir því sem segir í skipulagslögum.

**Slysastryggðar vinnuvikur:** Upplýsingar frá Hagstofu Íslands, sem nýtir töflur unnar úr gögnum skattyfirvalda um tölu vinnuvikna viðkomandi ár. Ársverk eða mannaár eru slysastryggðar vinnuvikur deilt með 52.

**Staðfest skipulag:** Samþykki félagsmálaráðherra á skipulagsáætlun eftir að hún hefur hlotið þá meðferð, sem áskilin er í 17. og 18.gr. skipulagslaga nr. 19/1964 (að jafnaði samþykki sveitarstjórnar). Þegar skipulagsáætlun er staðfest, verður hún bindandi fyrir alla.

**Svæði:** Íbúðar-, iðnaðar-. Hér, afmarkaðir reitir, þar sem gert er fyrir ákveðinni landnotkun, innan svæðisins er ekki tekið tillit til rýmis sem fer í götur og annað í útreikningum.



1. Yfirlitsmynd.  
 -- Hreppamörk.

**Svæðisskipulag:** Skipulag er tekur til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í áætlun um landshluta- eða héraðsskipulag skal marka heildarstefnu um landnotkun og þróun byggðar í viðkomandi landshluta eða héraði, sbr. 4.mgr. 4.gr. skipulagslaga.

## 2 FORSENDUR AÐALSKIPULAGSINS

### 2.1 Forsendur frá náttúrunnar hendi.

Vestfjarðarkjálkinn er 15-20 milljón ára blágrýtisgrunnur og er ásamt Austurfjörðum elsti hluti landsins. Megineinkenni Vestfjarða er hin hálanda slétta, þó hvergi geysihá, viðast 400-600 m, en sundurskorin af fjörðum og víkum. Mun strandlengjan vera nærri 1900 km að lengd. Snarbrött fjöllin gnæfa í sjó fram og undirlendi mjög af skornum skammti. Byggð til sveita er á ströndum fjarða og í grunnum þverdölum. Bæir og þorp eru á eyrum eða standa við grunnar víkur. Veldur skortur á undirlendi víða vandkvæðum á skipulagi byggðarlaga og hindrar jafnvel eðlilegan vöxt þeirra.

Gróðurlendi er litill hluti af flatarmáli Vestfjarða, sérstaklega sá hluti þess sem ræktanlegur er. Það litla undirlendi sem er fyrir hendi er þó viðast vel gróið, en samfelldur gróður nær sjaldan hærra en í 200 m hæð, mun það stafa af lágum meðalhita, bröttum fjallshliðum og skriðum. Kjarrlendi er töluvert inni í fjörðum og dölum, aðallega við sunnanvert Ísafjarðardúp og í Barðastrandarsýslum.

Friðlýst svæði á Vestfjörðum eru eftirfarandi:

**Hrísey í Barðastrandarsýslu, Reykhólar., A-Barð.** Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 425/1977. Stærð 40 ha.

**Flatey, Flateyjarhr., V-Barð.** Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 395/1975. Stærð 100 ha.

**Vatnsfjörður, Barðastrandahr., V-Barð.** Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 96/1975. Stærð 20.000 ha.

**Surtarbrandsgil, Barðarstrandahr., V-Barð.** Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 103/1975. Stærð 150 ha.

**Fjallafoss, Auðkúluhr., V-Ís.** Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 245/1981. Stærð 700 ha.

Hornstrandir, N-ís. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B. nr. 366/1975.

Á náttúruminjaskrá Náttúruverndarráðs yfir staði sem æskilegt er að friðlýsa eða vernda vegna sérstæðs náttúrufars eða lífríkis, eru eftirtaldir staðir á Vestfjörðum nefndir. Stærstu svæðin þar sem landslagsverndun er talin æskileg eru Geirþjófsfjörður, vegna fjölbreytilegs gróðurfars og suðausturhluti Grunnavíkurhrepps, vegna sérstæðrar náttúrufegurðar.

## 2.2 Almenn lýsing staðhátta.

Álftafjörður er einn stærsti fjörðurinn er gengur suður úr Ísafjarðardjúpi. Vestfjarðarkjálkinn tilheyrir jarðfræðilega blágrýtissvæði landsins en blágrýtismyndunin er elsta jarðmyndun landsins og varð hún til á síðteriter. Á þessum svæðum er jarðskjálfta- og eldsumbrotahætta í lágmarki. Undirlendi við firðina er takmarkað og hefur býlum í ábúð fækkað mjög síðustu tvo áratugina. Gróður við Ísafjarðardjúp er meiri en gengur og gerist á Vestfjörðum almennt.

Kauptúnið Súðavík er í samnefndum hrepp, miðsvæðis á Vestfjarðarkjálkanum, umlukið háum fjöllum. Í vesturátt og ofan við þorpið er Súðavíkurfjall og Súðavíkurhlið og er hæsti tindur þess um 680 m hár. Frá austri til suðurs eru hæstu fjöll: Sauratindur, Dvergasteinsfjall, Svarthamarsfjall, Þverfjall og Sjötúnahlið. Stærstu dalirnir draga flestir nafn af áðurnefndum fjöllum.

Á náttúruminjaskrá er eitt svæði. Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð, Mýrahreppi, Þingeyrarhreppi, V.- og N. - Ísafjarðarsýslu. (1) Mörkað sunnan frá Bæjará fylgja hreppamörkum um fjallið Snjófrið, þaðan liggja austurmörk eftir hreppamörkum í botn Hestfjarðar, þá eftir ströndinni í Vatnsdalsá í botni Seyðisfjarðar. Í Hestfirði fylgja mörk 300 m hæðarlínu að Lambagilsá, þaðan í Lambadalsskarð eftir Lambadalsá í Lambadalsodda. (2) Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði.

Við flesta þéttbýlisstaði á Vestfjörðum er byggingaland fremur takmarkað og eru aðstæður svipaðar í Súðavík. Núverandi byggð er upp af höfninni, kirkja og núverandi skóli eru staðsett nokkuð innan við bæinn, einnig er iðanðarsvæði á Langeyri.

TAFLA 1.

Meðalúrcoma 1931-1960, mm.

	Rvk.	Galtarv.	Æðev	Akureyri
jan.	90	139	72	45
feb.	65	112	57	42
mars	65	83	52	42
apríl	53	73	37	32
maí	42	57	24	15
júní	41	50	30	22
júlí	48	65	35	35
ágúst	66	79	27	39
sept.	72	163	57	46
okt.	97	154	75	57
nóv.	85	141	76	45
des.	81	149	74	54
ár	805	1265	616	474

TAFLA 2.

Meðalhiti 1931-1960, °C.

	Rvk.	Galtarv.	Æðev	Akureyri
jan.	-0.4	-0.5	-1.4	-1.5
feb.	-0.1	-0.3	-1.7	-1.6
mars	1.5	0.3	-0.7	-0.4
apríl	3.1	1.2	0.8	0.2
maí	6.9	4.3	4.8	3.4
júní	9.5	7.3	3.1	6.3
júlí	11.2	9.6	9.4	8.1
ágúst	10.8	9.2	3.3	8.3
sept.	8.6	7.3	7.4	6.7
okt.	4.9	4.3	3.7	3.9
nóv.	2.6	2.3	1.8	1.9
des.	0.9	0.7	0.0	0.3
árið	5.0	3.3	3.4	3.1

Ekki hefur fundist nýtanlegt heitt vatn í nágrenni Súðavíkur, en þó eru uppsprettur með volgu vatni ekki óalgengar á svæðinu þar í kring.

Frá Súðavík til Ísafjarðar eru 22 km, til Patreksfjarðar um Bildudal 192 km og til Reykjavíkur 421 km.

### 2.3 Veðurfar/snjóflóð.

Hin háu fjöll hafa töluverð áhrif á veðurfar á Vestfjörðum. Þau hlífa víða byggðinni fyrir köldum næðingnum, en valda einnig sterkum kastvindum og hvirfilbyljum.

Veðurathuganir eru heldur af skornum skammti á Vestfjörðum. Úrkoma, vindátt og vindhraði er mjög staðbundið vegna landslags og því erfitt að heimfæra athuganir veðurstöðva yfir á aðra staði. Hitafar er mjög breytilegt og hefur fjarlægð frá opnu hafi þar mikil áhrif. Hitasveiflur aukast þeim mun lengra sem inn á land er komið.


Ársmeðalhiti á strandstöðvum á sunnanverðum Vestfjörðum er 4-5°C, en 3-4°C á öðrum hluta Vestfjarðarkjálkans. Febrúar er kaldasti mánuðurinn á öllu svæðinu, meðalhiti er frá -1,7°C í innfjörðum að norðanverðu og 0,8°C að sunnanverðu. Í júlímánuði nær hitinn aðeins yfir 10°C á suðurströndum Vestfjarða og í inndölum þegar norðar dregur.

Úrkoma er 1.200-1.600 mm á ári á annesjum og í Barðastrandasýslum, en 600-1000 mm í innsveitum norðan til. Mestur hluti úrkomunnar fellur á vetrum, aðallega sem snjókoma að norðanverðu, en suðurhluti Vestfjarða er snjóléttari, þrátt fyrir meiri úrkomu, þar sem vetrarrigningar eru algengari.



Engin veðurathugunarstöð er í Súðavík en næstu stöðvar eru Galtarviti og Æðey. Þar er ársmeðalhitinn 3,4°C, meðalhitinn í sept. - maí er 1,6°C og í júní - ágúst 8,7°C. Úrkoman í Æðey er 700 mm á ári, í Súðavík er meðalhiti nokkuð hærri auk þess sem mun meira logn er þar en í Æðey.

Algengustu vindáttir eru: norðaustanáttin, sem er mjög ríkjandi einnig er norðanáttin algeng. Meðalfjöldi úrkomudaga á ári eru um 200 og að jafnaði 100 daga er úrkoman snjór að nokkru eða öllu leyti. Alskýjað er rúmlega 200 daga á ári og alhvít jörð er um 110-113 daga á ári að jafnaði.

### Snjóflóð.



SKÝRINGAR:

-  HÆTTUSVÆÐI
-  HÆTTULAUÐST SVÆÐI

REGLUR UM MAÑNVIRKJAGERÐ.

1. MAÑNVIRKI MÁ BYGGJA Á GRÆNU SVÆÐI AN ÞESS AD RÁÐSTAFANIR SEU GERÐAR VEGNA SNJÓFLÓÐA.
2. MAÑNVIRKI MÁ PÁ AÐENS BYGGJA Á RALDU SVÆÐI AD PÁU SEU VARNIR FYRIR SNJÓFLÓÐUM.
3. VÍÐ HÖNNUN OG ÚTÞREIÐINGA VARNARMAÑNVIRKJA SKAL FARIÐ EFTIR REGULUM UM HÆTTUMAT VEGNA SNJÓFLÓÐA EÐA SYNA Á ANNAN HÁTT FRAM Á AD VARNARVIRKI SEU FULLNÆGJANDI.

3. ETTIRKUR ÚR OFANFLÓÐASJÓÐI, TL VARNAR VEGNA MAÑNVIRKIS SEM BYGGT ER Á RALDU SVÆÐI (Þ.E. EFTIR AD HÆTTUMAT HEFLUR FARIÐ FRAM) VERÐUR AÐENS VEITLUR EF SYNT ER FRAM Á AD MAÑNVIRKIÐ SE NAUÐSYNLEGT OG AD ÞAD KÖMI EÐKI AD TILFETLUDUM NOTUM SE ÞAD BYGGT Á GRÆNU SVÆÐI. FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA ÁKVEÐUR UPPHÆÐ ETTIRKIS AD FENGJAN TILÓÐUM ALMANNAVARNARFRÓKSINS OG GETUR HANN SAMKVÆMT LÓÐUM ÖRÐIÐ ALLT AD 80% AF KOSTNAÐI VÍÐ VARNIR MAÑNVIRKISINS.

4. HEMILT ER AD REISA VIRKI TL VARNAR BYGGÐ, SEM FYRIR ER Á RALDU SVÆÐI, ENDA HAFI HUN VERÐ REIST ÁÐUR EN LÓÐ VORU SETT UM VARNIR GEGN OFANFLÓÐUM. UPPHÆÐ ETTIRKJA SE ÁKVEÐIN Á SAMÁ HÁTT OG Í LÍÐ 3.

SAMÞYKKT AF ALMANNAVORNUM FRÓKSINS SKV TILÓÐU OFANFLÓÐANEFNDAR, 12.7.89

*Jónbjörn Þórunn*

SÚÐAVÍK

SNJÓFLÓÐAHÆTTUMAT

SNJÓFLÓÐAHÆTTUMAT ÞETTA ER STAÐFEST AF FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA SKV LÓÐUM UM VARNIR GEGN SNJÓFLÓÐUM OG SKRÖUFÖLLUM NR 28/1085 17.11.89

ALMANNAVARNIR FRÓKSINS OFANFLÓÐANEFND

SEPTEMBER 1989

*Jóhanna Þórunn*

KORTAÐRÁÐUNIR: VERKFRÆÐISTOFAN HINNT HF

1084

2. Snjóflóðahættumat fyrir Súðavík

Nokkuð er um að snjóflóð falli ofan við byggðina í Súðavík, syðsta svæðið nefnist Traðargil, en þar eru snjóflóð hvað tíðust og til eru frásagnir um að þau hafi náð allt niður að sjó. Árið 1983 féllu tvö snjóflóð niðurundir núverandi byggð, og minnst heimamenn þess ekki að þar hafi fallið snjóflóð á þessari öld.

Ákveðið var að gera snjóflóðahættumat fyrir byggðina í Súðavík og þegar þeirri vinnu var lokið reyndist stór hluti núverandi og fyrirhugaðrar byggðar vera innan hættusvæðisins. Félagsmálaráðherra staðfesti uppdrátt af snjóflóðahættumati fyrir Súðavík 17. 11. 1989.

#### 2.4 Hafið og miðin.

Af Vestfjörðum er stutt á fengsæl fiskimið og víðast hvar er góð lendingaraðstaða. Auðlindir á landi eru af skornum skammti og samgöngur milli byggða hafa oft verið erfiðar nema sjóleiðina á vetrum. Þannig hefur byggð á Vestfjörðum um aldir verið nátengd hafinu og sjávarföngum.

Í mars er sjávarhiti hvað lægstur hér við land. Úti fyrir Vestfjörðum fer hitinn niður fyrir 3°C. Í ágúst er hitinn alla jafna hæstur, 8-10°C. Selta sjávar við Ísland er tiltölulega há á úthafssvæðum sunnan og suðvestan Íslands, en minni selta í köldum sjónum úti fyrir Norðvesturlandi og Austurlandi. Í seltulitlum sjó er meiri hætta á hafís og ísmyndun en í seltumiklum sjó.

Í köldu veðri getur hafís lagst að ströndum landsins. Sá hafís sem berst að ströndum landsins kemur með Austur-Grænlandsstraunum, og kemur yfirleitt fyrst og oftast einkum að Norðvesturlandi. Ef hafíss gætir að einhverju marki hér við land hefur það mikil áhrif á veðurfar, gróðurfar og samgöngur á sjó, einkum á norðanverðu landinu.

Útbreiðsla hafíss er nálægt lágmarki snemma í október en að jafnaði mest á tímabilinu mars - maí. Reikna má með að á þriggja til fimm ára fresti nái hafísinn inn vestanverðan Húnaflóa fyrir mynni Steingrímsfjarðar og jafnvel inn í Hrútafjörð, einnig með Vestfjarðakjálkanum að vestanverðu að Bjargtöngum, en ekki eru miklar líkur á að hafís berist inn á firðina þar.

Hitaskil heitra og kaldra hafstrauma eru úti fyrir Vestfjörðum, þar er sjór auðugur af plöntusvifi, sem er ein meginforsenda góðra fiskimiða.

Úti fyrir Vestfjörðum eru ein fengsælustu fiskimið landsins, helstu mið togara og stærri báta eru, Látragrunn, Reykjafjarðaráll, Víkuráll og Halinn.

### **3 FORSENDUR BYGGÐARINNAR**

### 3 FORSENDUR BYGGÐARINNAR

#### 3.1 Saga byggðar og þróun.

Í Súðavík er talið að fyrstu landnámsmenn hafi verið Eyjólfur hné og Þuríður Rimgylta sem bjuggu í Seyðisfirði. Orðið súð þýðir bátur og dregur byggðin nafn af því. Í gegnum aldirnar hefur verið stundaður búskapur og útgerð í Súðavík.

Um 1700 var Súðavíkurhrepps fyrst getið í heimildum sem Þingstaðar, þá mun Súðavíkurhreppur hafa náð frá Búðahrauni að Fjarðará í Hestfirði. Þingstaður var í Súðavík og þykir það kynlegt þingstaðarval, en margt bendir þó til þess að breyting hafi orðið á hreppaskipun. Telja menn að Súðavíkurhreppur hafi verið stærri fyrr á öldum og náð yfir Skutulsfjarðarhrepp og meginhluta Súðavíkurhrepps. Hinn forni hreppur hafi síðan skipst, en þingstaður haldist óbreyttur, e.t.v. vegna þess að þar hafi verið mannvirki fyrir þinghald. Súðavík var jafnframt þriggja hreppa þingstaður, og hafa íbúar Skutulsfjarðar, Súðavíkur- og Ögurhrepps væntanlega sótt þing þangað.

Síðar í landshöfðingjabréfi árið 1882 var heimilað að flytja þingstað hreppsins frá Súðavík að Tröð í Álftafirði og væri þar tryggt húsnæði til þinghalds.

Súðavíkurhreppur nær frá Götu, yst í Súðavíkurhliðum, um Álftarfjörð allan, Seyðisfjörð og Hestfjörð vestan- og innanverðan út að landi Hvítaness í Ögursveit.


Um 1880 hefja Norðmenn hvalveiðar við Ísland og var fyrsta hvalveiðistöð þeirra á Langeyri, en þær urðu síðan þrjár, því Dvergasteinn og Uppsalar bættustu við, en vinnufólkið hafði aðsetur í Súðavík.

Árið 1913 hófu Súðvíkingar hrefnuveiðar og voru þeir fyrstir Íslendinga til að hefja þá útgerð. Upphafsmáður veiðanna var Þorlákur Hinrik Guðmundsson, kallaður Hrefnuláki. Gerði hann út fjögurra hestafla bát ásamt Guðjóni Brynjólfssyni og Ólafi Jónssyni, og var þar með hafinn nýr atvinnuvegur, að visu í smáum stíl. Um sama leyti flytja Norðmenn starfsemi sína til Austfjarða.


Árið 1916 byrja síldveiðar við Álftarfjörð og var gert úr frá Langeyri, Hattardalseyri og Dvergasteini og voru um 100 manns á hverjum stað.

Hafnarskilyrði eru góð á Langeyri, en þar er höfn frá náttúrunnar hendi, í Súðavík voru eingöngu skilyrði fyrir arabáta, einhver hafnarbót var gerð árið 1920, en um 1950 var byggð höfn í Súðavík. Má segja að það hafi verið vegna stjórnmálalegra deilna sem byggð þróaðist í Súðavík en ekki við Langeyri þar sem allar aðstæður eru mun betri.

### 3. ÞRÓUN ÞÉTTBÝLISSTAÐA Á VESTFJÖRÐUM



### 4. ÞRÓUN ÞÉTTBÝLIS OG DREIFBÝLIS Á VESTFJÖRÐUM 1901-1990



Á kreppuárunum 1930-40 þurftu Súðvíkingar að selja báta sína og var aðeins einn bátur gerður út þaðan, síðar stofnaði kaupfélagið á Ísafirði hlutafélagið Andvara og voru gerðir út þrjú bátar frá Langeyri.

Árið 1942 eru byggð íshús bæði í Súðavík og á Langeyri.

Fjölmennasta byggðin í hreppnum hefur ávallt verið við Álftarfjörð en þar eru talin 23 býli árið 1932, 7 bæir við Seyðisfjörð og 3 býli við Hestfjörð.

Læknissetur var um árabíl í Súðavík, símstöð var opnuð árið 1946 og sjálfvirkur sími var tekinn í notkun árið 1969. Póstafgreiðsla hófst árið 1945, en bréfhirðing hafði verið þar frá árinu 1898. Öll áður nefnd byggð átti kirkjusókn að hinum forna kirkjustað Eyri við Seyðisfjörð. Kirkja var reist í Súðavík árið 1961, kirkjuhúsið stóð áður á Hesteyri í Jökulfjörðum, en var rífið og endurbyggt í Súðavík, þar var áður hálf kirkja og hélst hún fram á 18.öld.

Íbúar Súðavíkur voru 232 árið 1992.


### 3.2 Íbúapróun Vestfjarða.

Á árunum 1901-1975 jókst fjöldi landsmanna úr 78.470 í 219.033, á sama tíma fækkaði íbúum Vestfjarða um 2500, þó mest milli árána 1933-1975 eða um 21% en á sama tíma jókst fjöldi landsmanna um 93%. Mest var fækkunin til sveita frá 1911-1975, þá fækkaði íbúum úr 5.941 í 2.184, en á sama tímabili fjölgaði íbúum úr 4.302 í 7.814 í þéttbýlisstöðum.

Fækkun íbúa var mest á Vestfjörðum af öllum landshlutum síðustu áratuginna og einkennandi er að hlutfallsleg fækkun var meiri í dreifbýli á Vestfjörðum en í nokkrum öðrum landshluta.


Megin orsök fólksfækkunarinnar í mörgum sveitum Vestfjarða var sú breyting sem varð á afkomugrundvelli, þar eð útræði og hlunnindi voru oft metin til jafns við landbúnað er stundaður var við erfið skilyrði. Segja má að Hornstrandir og stór hluti byggðar út með fjörðum og ystu sjávarströndum hafi lagst af. Vélbátaútgerð og örar tækniframfarir í fiskveiðum stuðluðu að aukinni atvinnu og aðflutningi til þéttbýlisstaða. Eftir 1975 hefur þróunin verið svipuð, heildaríbúafjöldi á Vestfjörðum var 1.12. 1980 10.479 íbúar, þar af bjuggu 8.558 íbúar í þéttbýli og 1921 í dreifbýli. Á síðustu árum hefur fækkun íbúa verið minni, 1. 12. 1992 voru íbúar á Vestfjarða 9685 þá bjuggu 8131 í þéttbýli og 1554 í dreifbýli.

### 5. FJÖLDI ADFLUTTRA OG BROTTFLUTTRA Á VESTFJÖRÐUM 1977-1992



HEIMILD: BYGGDASTOFNUN 1993

### 6. FJÖLDI ÍBÚA Í SÚDAVÍK 1920-1990 OG FRAMREIKNINGUR TIL ÁRSINS 2012



HEIMILD: BYGGDASTOFNUN/SKIPULAG RÍKISINS

### 3.3 Íbúáþróun Súðavíkur.

Þéttbýlismyndun hefst í Súðavík skömmu fyrir síðustu aldamót, elstu tölur um fólksfjölda eru frá árinu 1890 þá voru íbúar að Eyrardal meðtöldum um 100. Fólksfækkun verður áratuginn þar á eftir, en síðan lítil en jöfn fjölgun íbúa fram til ársins 1950. Áratuginn þar á eftir varð nokkur fækkun og árið 1960 voru íbúar Súðavíkur 184, síðan tekur við tímabil þar sem íbúaaukningin er nokkuð jöfn þó með nokkrum undantekningum og var íbúafjöldinn mestur árið 1982 eða 270 manns, síðan hefur fólki fækkað stöðugt og árið 1991 var íbúafjöldinn 228 manns.

Með auknum íbúafjölda hófust ýmsar framkvæmdir og helst er að nefna framkvæmdir við höfnina, bygging íbúða- og atvinnuhúsnæðs og opinberra bygginga, einnig hafa verið unnið að endurbótum á vegakerfi.

Fjöldi þeirra er flytja árlega til og frá Súðavík hefur verið mjög mismunandi ef lítið er á tímabilið í heild, ekki er óalgengt að 20 - 30 manns flytjist á hverju ári til og frá Súðavík eða um 10-12%. Á árunum 1982-1990 var mjög mikill fjöldi er flutti til og frá byggðalaginu og var sá fjöldi á bilinu 46 - 88 manns á ári sem er mjög mikið, en á sama tíma fækkaði íbúum nokkuð. Á síðustu árum var nokkur fækkun þeirra er fluttu til og frá byggðalaginu og svo virðist sem að meira jafnvægi í þeim málum sé framundan, en versnandi atvinnuástand í landinu er sennilegasta skýringin.

Erfitt er að segja til um íbúáþróun Súðavíkur á skipulagstímabilinu, þar eð litlar breytingar í atvinnulífi geta haft mikil áhrif þar á. Gert er ráð fyrir að fjölgun íbúa verði á bilinu 0,2-0,5%, miða við þá aukningu verða íbúar Súðavíkur á bilinu 240-256 í lok skipulagstímabilsins.


### 3.4 Mælingar og eldri skipulagsáætlanir.

15. desember 1959 er sent bréf til skipulagsnefndar ríkisins og skýrt frá ákvörðun er tekin var á fundi hreppsnefndar Súðavíkurhrepps 10.4. s.á., þar sem eftirfarandi var samþykkt. Bagalegt sé að enginn skipulagsuppdráttur skuli vera til fyrir kaптúnið, þar sem unnið hafi verið við opinberar framkvæmdir og íbúðahúsa byggingar, og að enn standi fyrir dyrum framkvæmdir.

28. apríl.1957. Hannibal Valdimarsson óskar þess að Súðavík verði mæld og skipulögð sama ár.


26.sept.1959. Tillaga send frá Skipulagsstjóra að skipulagi umhverfis nýja barnaskólann og er tekið fram að þetta sé hentugasta svæðið í Súðavík til byggingar. Barnaskólanum

### 7. FJÖLDI ADFLUTTRA OG BROTTFLUTTRA Í SÚDAVÍK 1978-1992



HEIMILD: BYGGDASTOFNUN 1993

### 8. ALDURSSKIPTING ALLT LANDÍÐ OG SÚDAVÍK 1993



HEIMILD: BYGGDASTOFNUN

er ætluð rúmgóð lóð, 8.000 m<sup>2</sup>. Íbúðarhúsalóðirnar eru einnig rúmgóðar eða um 750-800 m<sup>2</sup>, og ný gata er 10 m breið. Austan byggðarinnar er ráðgerður íþróttaleikvangur. Austan kirkjugarðs er gert ráð fyrir kirkju.

7. okt.1959. Send ný tillaga að aðalskipulagi Súðavíkur og er hún samþykkt að öðru leyti en því að íþróttasvæði verður stækkað, svo og íbúðarhúsalóðir.

24. janúar.1961 er skipulagsstjóra endursendur uppdráttur af Súðavík og höfðu borist sex athugasemdir, og er óskað eftir staðfestingu stjórnarráðsins hið fyrsta, vegna þess að landsvæði það er uppdrátturinn nær yfir er í einkaeign.

9. sept. 1968. Sent svar við erindi oddvita Súðavíkur frá 6. sept. 1968 varðandi kaup á jörðinni Saurum, þar sem skipulagsstjórn mælir með erindinu.

11. apríl. 1969 er sendur endurskoðaður skipulagsuppdráttur og helstu breytingar frá þeim fyrri eru: Tilfærsla á Aðalgötu, færsla á Þjóðvegi innan við kirkju og breyting á vegakerfi upp að höfninni. Auk þess er gert ráð fyrir að þetta byggðina meðfram Aðalgötu, þar sem slíkt hentar, en í allt er gert ráð fyrir 72 einbýlishúsalóðum.

27. janúar. 1972. Send endurskoðuð tillaga að aðalskipulagi og eru helstu breytingarnar á vegakerfinu. Einnig er lagt til að uppdrátturinn verði auglýstur sem fyrst.

25. okt. 1972 óskar hreppsnefnd Súðavíkur eftir láni að upphæð 1 millj. kr. frá Landakaupasjóði ríkisins, til kaupa á landi innan þorpsins. Landskikar þessir eru inni í þorpinu og standa mjög í vegi fyrir eðlilegri útfærslu þorpsins.

7. sept.1973 er send endurskoðuð tillaga að skipulagi Súðavíkur. Helstu breytingar eru þær, að fækkað hefur verið húsum við mógrafirnar vegna jarðdýpis, auk þess er íþróttavöllurinn nú staðsettur í brekkunni sunnan byggðarinnar.

7. apríl. 1974 er send endurskoðuð tillaga að skipulagi Súðavíkur og hefur Þjóðvegurinn verið færður nokkuð nær sjónum á köflum. Tilmælingar þessi er gerð samkvæmt ábendingum frá Vegagerð ríkisins og er umsagnar sveitarstjórnar óskað.

9. sept. 1974 staðfestir félagsmálaráðuneytið skipulagsuppdrátt af Súðavíkurkaupúni.

13. janúar. 1975 ritar Skipulagsstjóri ýmsum sveitarstjórnarmönnum bréf, þ.á.m. sveitarstjóranum í Súðavík, og er þess vænst að safnað verði saman upplýsingum um snjóflóð og stærð þeirra, þannig að í framtíðinni sé hægt að taka fullt tillit til þeirra við m.a. skipulagsstörf.

27. júlí. 1978. Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Súðavíkurhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins staðfest breytingu á staðfestum aðalskipulagsuppdrætti frá 9.09.1974 að þjóðvegurinn skuli færast aðeins nær sjónum, frá samkomuhúsinu að fjárréttinni. Við kaupfélagið nemur færslan 8 metrum, en við Neðri-Grund nemur færslan 12 metrum.

18. ágúst. 1978 staðfestir félagsmálaráðuneytið breytingu á þjóðvegi milli samkomuhúss og Neðri-Grundar.

23. júlí. 1979 samþykkti hreppsnefnd Súðavíkurhrepps breytingu á staðfestu aðalskipulagi, er felur í sér breytra landnotkun við Aðalgötu. Í stað opinberrar byggingar og verslunarhúss verði gert ráð fyrir tveim tveggja hæða fjölbýlishúsum, á lóðunum Aðalgata 2 og 8. Erindið var staðfest af félagsmálaráðuneytinu 1. okt. 1979.

9. júní. 1980 ritar oddviti Súðavíkurhrepps Skipulagsstjóra bréf og óskar eftir því að byggðarlagið verði kortlagt, því mjög brýnt er að vinna að skipulagi byggðarlagsins, en þar vantar lóðir fyrir iðnað ýmiss konar og félagstarfsemi.

19. okt. 1980 samþykkir hreppsnefnd færslu á ípróttarvelli eftir staðfestu aðalskipulagi, nú ofan Túngötu en yrði ofan Aðalgötu 52-60. Óskað er samþykkis skipulagsstjórnar ríkisins.

Skipulagsstjóri samþykkir að færa ípróttavöll en kort vantar og því erfitt að mæla með nýrri staðsetningu.

Árið 1982 tekur Benedikt Bjarman við skipulagsvinnu fyrir Súðavík, og hans fyrstu verkefni voru drög að aðalskipulagi Súðavíkur, snjóflóðavarnir og gatnakerfi þorpsins.

Árið 1985 tók Unnsteinn Gíslason við skipulagsvinnu fyrir Súðavík, og hefur hann unnið að gerð greinargerðar og lokafrágangi á uppdrætti.

Árið 1987 var hætt við að staðfesta aðalskipulag Súðavíkur vegna vinnu við gerð snjóflóðahættumats fyrir byggðina.

17. nóv. 1989 staðfesti félagsmálaráðherra snjóflóðahættumat fyrir byggðina í Súðavík.

## **4 AÐALSKIPULAGIÐ 1992 - 2012**

#### 4 ADALSKIPULAGIÐ 1992 - 2012

##### 4.1 Markmið og tilhögun framtíðarbyggðar.

Meginforsenda við gerð aðalskipulags er núverandi byggð og mikilvægt markmið er að nýta til fullnustu þá grunngerð byggðarlagsins sem fyrir er.

Þá er nauðsynlegt að ávallt séu fyrir hendi byggingarhæfar lóðir undir íbúðahúsnæði, einnig þarf að fylla í eyður innan núverandi byggðar, jafnframt því að byggingarframkvæmdir fari að mestu leyti fram á einu svæði í einu.

Þá ber að gæta fyllsta umferðaröryggis t.d. með gerð gangstétta, góðum frágangi gönguleiða og hafa gatnamót skýr. Við framkvæmd skipulags ber einnig sífellt að hafa í huga aðgengi aldraðra og hreyfihamlaðra.

Gert er ráð fyrir að takmörkuð aukning verði í frumgreinum atvinnulífsins, fiskveiðum og landbúnaði, en aukning verði aðallega í greinum úrvinnslu og í þjónustu.

##### Tilhögun framtíðarbyggðar.

**Íbúðarlóðir.** Miðað við fjölda íbúa er nýtingarhlutfall lóða frekar lágt í Súðavík, þar sem stór hluti íbúðahúsnæðis eru nýleg einbýlishús á stórum lóðum. Ætla má að raðhús og önnur tegund þéttari byggðar muni aukast á næstu árum. Þá mun þéttari byggð og byggingarframkvæmdir á einu ákveðnu svæði vera ódýrari fyrir sveitarfélagið, ma. vegna styttri gatna og veitulagna.

**Iðnaðarlóðir.** Erfitt er að áætla lóðarþörf þar sem mikill munur er á hinum ýmsu greinum iðnaðar. Er það háð því hvers konar iðnaður byggðist upp á Súðavík, hversu mikið landsvæði þarf að áætla undir iðnaðarstarfsemi eða skyldan rekstur.

Þörf fyrir skrifstofu- og verslunarhúsnæði eykst nokkuð með auknum íbúafjölda, einnig er húsnæði áðurnefndra starfsgreina í flestum tilfellum of lítið. Ákveðinn hluti skrifstofuhúsnæðis telst til opinberrar þjónustu og annað er í tengslum við iðnaðarstarfsemi.

**Opinberar byggingar** standa margar hverjar á stórum lóðum, er því hægt að mæta aukinni húsnæðisþörf með stækkun húsnæðis á núverandi lóðum.

Hafa þarf í huga hve mikill hluti byggðar fer undir götur, útivist og opin svæði án sérstakra nota, slíkt fer vissulega eftir landsháttum á hverjum stað en víða fer allt að því eins mikið land undir götur og almenn útivistarsvæði eins og fer undir sjálfa byggðina.

## 4.2 íbúðabyggð.

### 4.2.1 Almennt.

Þróun íbúðahúsnæðis hefur verið með svipuðum hætti í Súðavík og annars staðar á landinu. Flatarmál á hvern íbúa hefur aukist, en einkum hitt, að fjölskyldumeðlimum á hverja íbúðareiningu hefur fækkað. Áhersla hefur verið lögð á byggingu stórra íbúða, einkum í einbýlishúsum. Eðlilegt væri í framtíðinni að taka meiri tillit til misstórra fjölskyldna, þannig að til verði íbúðir er henti einstaklingum og fámennum fjölskyldum. Mætti í því sambandi vel hugsa sér að leyfa í auknum mæli tvær íbúðir í svokölluðum einbýlishúsum.

### 4.2.2 Núverandi íbúðarhúsnæði.

Fjöldi íbúða í Súðavík var 86 árið 1990 og eru þá um 2.6 íbúar á hverja íbúð, sem er nokkuð lágt hlutfall, en algengt er að fjöldi íbúa á íbúar séu um 3.2.

Íbúðahúsnæði í Súðavík er frekar nýlegt, rúmlega helmingur alls íbúðahúsnæðis er byggt eftir 1960 eða 52 íbúðir.

Fjöldi fullgerðra íbúða á ári hefur verið mjög mismunandi eins og tafla 3 sýnir.

### 3. Meðaltal fullgerðra íbúða á ári.

#### Meðaltal fullgerðra íbúða á ári.

1960-64	0,8
1965-69	0.8
1970-74	2.0
1975-79	2.4
1980-84	1.6
1985-89	1.2

Nýtingarhlutfall íbúðasvæða í Súðavík er lágt enda einkennist byggðin af fremur stórum íbúðalóðum, auk þess sem nokkrar auðar lóðir eru í þegar byggðum hverfum. Æskilegt er að nýtingarhlutfall í nýjum hverfum verði ekki hærra en 0,3 þegar um er að ræða þetta og lága byggð.

Íbúðabyggð Súðavíkur er um 8.5 ha lands og eru þá götur og opin svæði ekki talin með. Að jafnaði fer um 20% af landsvæði íbúðabyggðar undir opin svæði og götur, en það hlutfall getur orðið hærra og fer það mikið eftir staðhættum.

#### 4.2.3 Húsnæði og landnotkun.

Þegar reikna skal þörf fyrir nýjar íbúðir fyrir næstu tvo áratugi eru mörg atriði sem taka þarf tillit til. Í fyrsta lagi er áætluð íbúafjölgun. Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir lágmarks og hámarks íbúafjölgun. Þannig er áætlað að íbúar Súðavíkur verði 259 miða við 0,5% fjölgun en 240 miða við 0,2% árið 2012.

Einnig er reiknað með því að íbúum á íbúð fjölgi nokkuð, þannig að um aldamótin verði að meðaltali 2.9 íbúar/íbúð, ennfremur er reiknað með að fermetrarfjöldi á íbúa verði um 40 m<sup>2</sup> um aldamótin.

Að þessum forsendum gefnum er reiknað með að íbúðafjöldi árið 2012 þurfti að vera 99 miða við hærri íbúatöluna en 87 miða við þá lægri. Þá er gert ráð fyrir að 5 íbúðir verði rifnar eða teknar undir aðra notkun á skipulagstímabilinu.

Áætla má að á skipulagstímabilinu þurfi um 12 nýjar íbúðir miða við hærri framreikning en um 8 miða við þann lægri. Gróft reiknað tekur núverandi íbúðabyggð um 8.5 ha lands. Áætluð viðbótarlandþörf vegna íbúðahúsnæðis verður um 1.2 ha miða við hærri framreikning en um 0,8 ha miða við þann lægri og er þá gert ráð fyrir u.þ.b. 10 íbúðum á ha. miða við einbýlishús.

Á skipulagsuppdrætti eru sýndir 4.0 ha lands undir nýja íbúðabyggð og eru svæðin þrjú, við sunnanverða Túngötu, á svæði fyrverandi íþróttavallar og við býlið Eyrardal. Áhersla er lögð á að svæðið við Túngötu byggist fyrst, svæðið við fyrverandi íþróttavöll hefur verið deiliskipulagt og svæðið við Eyrardal verður fyrst tekið til úthlutunar er önnur svæði eru fullbyggð.


Snjóflóðamat hefur verið gert fyrir byggðina í Súðavík og hafa tillögur um úrbætur, sem eru mjög háir varnargarðar ofan við hluta byggðarinnar ekki komið til framkvæmda. Verði af byggingu þeirra sem er mjög kostnaðarsöm, koma þeir til með að hafa veruleg áhrif á umhverfi byggðarinnar.

#### 4.3 Atvinnulíf.

##### 4.3.1 Almenn lýsing.

Staðsetning Súðavíkur er á norðanverðum Vestfjarðarkjálkanum, undirstaða byggðarlagsins eru hin gjöfulu mið úti af Vestfjörðum. Undirlendi er takmarkað og þeim er stunda landbúnað fækkar stöðugt, en fiskveiðar og fiskverkun hefur aukist að sama skapi.


### 10. ATVINNUSKIPTING Í SÚÐAVÍK 1990



HEIMILD: BYGGDASTOFNUN 1993

### 11. HLUTFALLSLEG ATVINNUSKIPTING Í SÚÐAVÍK

1981-1990



HEIMILD: BYGGDASTOFNUN 1993

Þéttbýli tók að myndast um aldamótin en á þeim tíma hófu Norðmenn mikla útgerð á Langeyri. Árið 1920 voru íbúar Súðavíkur orðnir 221 og fjölgaði þeim hægt fram til ársins 1950 en þá voru þeir 231. Á árunum þar á eftir fækkaði íbúunum og var það fyrst eftir 1970 að íbúafjöldinn jókst og árið 1982 voru íbúarnir 270, síðan hefur þeim fækkað jafnt og þétt og árið 1991 voru þeir 228.

Aðalatvinnuvegirnir eru fiskveiðar og fiskverkun og hefur hvoru tveggja eflst mikið á síðustu árum. Þá hefur fiskiskipastjöllinn aukist svo og landaður afli. Þá hefur hafnaraðstaðan verið mikið bætt. Þróun síðustu ára hefur gert það að verkum að atvinnuástand er gott og atvinnuleysi hefur verið lítið sem ekkert frá árinu 1969.

Nokkuð er um að fólk frá Ísafirði sækir atvinnu til Súðavíkur og er það aðallega við sjómennsku.

Framtíðarhorfur fyrir Súðavík hljóta að endurspeglast af þeim ákvörðunum er teknar verða í sambandi við fiskveiðimálin. Þá verður að stefna að því að auka vinnslustig hráefnisins þannig að gera verður ráð fyrir að flest störf verði áfram í áðurnefndum greinum.

#### 4.3.2 Landbúnaður.

Landbúnaður hefur ávallt verið í nokkur í hreppnum, þó mest við Álftarfjörð, þar voru talin 23 býli 1923, 7 býli við Seyðisfjörð og 3 býli við Hestfjörð. Tvö býli eru nú í ábúð í hreppnum og er Minni-Hattardalur þeirra stærstur, en bústofninn er aðallega sauðfé.


Enginn framleiðsla er á landbúnaðarvörum í Súðavík, en allar afurður eru sendar til Ísafjarðar til vinnslu, en þar er starfrækt er mjólkurbú og sláturhús.

Fækkun á fjölda ársverka í landbúnaði hefur verið nokkuð jöfn á undanförunum árum og var fjöldi ársverka 8 árið 1990 eða 6,4% af heildarfjölda þeirra.

#### 4.3.3 Fiskveiðar.


Í Súðavík er gerður út einn stór skuttogari og tveir minni 200-300 tonn og þrjár bátar, 13-40 tonn að stærð. Bátarnir stunda aðallega rækjuveiði, tveir þeirra stærstu stunda einnig úthafs rækjuveiðar á sumrin, ásamt leiguskipum. Löndun afla hefur verið meiri og jafnari en áður og árstíðabundið atvinnuleysi er að mestu leyti úr sögunni.

## 12. UNNIN AFLI Í SÚDAVÍK 1977-1992



HEIMILD:FISKIFÉLAG ÍSLANDS 1993

## 13. SKIPTING AFLA Í SÚDAVÍK EFTIR MÁNUÐUM 1992



HEIMILD:FISKIFÉLAG ÍSLANDS 1993

Skuttogari kom til Súðavíkur árið 1973 og á árunum þar á eftir tvöfaldaðist landaður aflí. Aflinn er aðallega bolfiskur, þorskur, ýsa, karfi og ufsi auk þess veiðist nokkuð af grálúðu og steinbít. Landaður aflí var 4.987 tonn árið 1991.

Fiskveiðar og fiskiðnaður eru aðalatvinnuvegirnir og árið 1990 voru 56.0% ársverka unnin í áðurnefndum greinum. Sama ár var hlutfall ársverka í fiskveiðum 12.0%.

Á undanförunum árum hefur verið unnið að endurbótum á hafnaraðstöðunni og má segja að núverandi aðstaða sé mjög góð, en eftir er að lagfæra aðstöðu smábátanna nokkuð.

Útgerðaraðilar eru fjórir: Álftfirðingur h.f., stofnað 1960, gerir út skuttogarann Bessa ÍS og togbátinn Haffara, Frosti h.f., rekur hraðfrystihúsið og gerir út 1 bát og 1 togara, togbátinn Kofra og bátinn Hafrúnu, Þorgrímur h.f. gerir út 1 vélbát og Ögurnes hf. gerir út bátinn Fengsæl.

Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir uppfyllingu sunnan við frystihúsið, en vegna aðdýpis og þar af leiðandi háum kostnaði er ekki gert ráð fyrir framkvæmdum á næstu árum.

Aukning á lönduðum afla síðan árið 1985 og fyrirhuguð stækkun rækjuverksmiðju bendir allt til fjölgun fiskiskipa og að fjöldi ársverka í fiskveiðum aukist á næstu árum.

#### 4.3.4 Fiskvinnsla

Í Súðavík er starfrækt fiskvinnslufyrirtækið Frosti h.f. stofnað 1942. Þar er alhliða fiskverkun, frýsting, rækjuvinnsla og mjölvinnsla, staðsetning áðurnefndrar starfsemi er á hafnarsvæðinu, húsnæði og tækjakostur er nýlegur og öll aðstaða góð. Á Langeyri er staðsett eldra fiskvinnsluhúsnæði, þar er niðursuðu rækjuvinnsla, verkaður saltfiskur og skreið, einnig eru þar vistarverur aðkomufólks. Starfsmenn frystihússins Frosta eru um 100 og Álftfirðings um 25.

Aflasamdráttur hefur átt sér stað með tilkomu kvótakerfisins, auk þess hefur útflutningur á ferskfiski í gámum og lök kjör fiskverkunarfólks orsakað að erfitt er að fá fólk í þau störf og hefur verið stuðst að hluta við erlendan vinnukraft. Einnig er nokkuð um það að sjómenn frá Ísafirði saki atvinnu til Súðavíkur.

Árið 1991 var hlutfall ársverka í fiskiðnaði 44,0% eða 54 ársverk og hafði minnkað nokkuð frá árunum þar á undan. Gert er ráð fyrir að bolfisk aflí verði svipaður á næstu árum, en gert er ráð fyrir aukningu rækjuaflla vegna

stækkunar rækjuverksmiðju, afkastagetan er í dag um 1400 tonn en verður 4000 tonn eftir stækkun. Undirstrikar það að aukna áherslu verður að leggja á að nýta hráefnið mun betur en gert er í dag. Sú þróun myndi vafalítið gefa af sér aukinn fjölda atvinnutækifæra og aukið útflutningsverðmæti.

#### 4.3.5 Iðnaður.

Iðnaður, annar en fiskverkun og byggingariðnaður, í Súðavík, hefur átt erfitt uppdráttar vegna mannfæðar og nálægðar við Ísafjörð. Árið 1991 var hlutfall ársverka 3,0% eða 4 ársverk. Aðeins tvö fyrirtæki eru starfandi, bifreiðaverkstæði og trésmiðaverkstæði.

Byggingariðnaður hefur verið nokkur í Súðavík á síðustu árum, og var hlutfall ársverka 1991 3,0%, eða 3 ársverk.

#### 4.3.6 Verslun, skrifstofur.

Útibú Kaupfélags Ísfirðinga er eina nýlenduverslunin í Súðavík, einnig er starfræktur Sparisjóður Súðavíkur, útibú Pósts og Síma og söluskáli, bensínsala og skyndibitastaður.

Skrifstofur tengjast stærri fyrirtækjum og bæjarfélaginu en ýmis þjónustufyrirtæki hafa umboðsmenn, t.d. flugfélög, happadrætti, tryggingafélög o.s.frv., en önnur þjónustustarfssemi er staðsett á Ísafirði.

Hlutfall ársverka í verslun var árið 1991 8,0% eða 9 ársverk og hefur sá fjöldi haldist næsta óbreyttur á síðustu árum.

Þá var hlutfall ársverka í samgöngum 5,0% árið 1991 eða 6 ársverk.

#### 4.3.7 Landnotkun og mannaflí.

Í kafla 3.3. um íbúapróun er gert ráð fyrir að fólksfjölgunin verði á bilinu 0,2-0,5%, er þýðir að fjölgunin verður 8-24 manns. Þegar áætluð er framtíðarlandnotkun, er gengið út frá hámarksfjölgun íbúa.

Fiskveiðar og fiskiðnaður veittu 56,0% mannafla atvinnu 1991. Sveiflur í sjávarútvegi koma því mjög greinilega fram í atvinnulífi Súðavíkur. Atvinnutækifæri og umfang sjávarútvegs ákvarðast mjög af ásókn í og nýtingu fiskstofna, framleiðsluháttum, tækninýjungum og markaðsmótun. Því er erfitt að gera nokkra raunhæfa spá um skiptingu og aukningu atvinnutækifæra til langs tíma. Ef lítið er á einstakar avinnugreinar má ætla að ekki verði aukning í landbúnaði, atvinnutækifæri í fiskveiðum munu að

öllum líkindum verða svipuð og nú eru, en reikna má með aukningu í fiskiðnaði samfara aukinni vinnslu á því hráefni er á land berst og væri sú þróun bæði eðlileg og æskileg.

Fyrirhuguð stækkun rækjuvinnslu mun hafa í för með sér fjölgun leiguskipa eða stækkun skipaflota og einhverja fjölgun atvinnutækifæra.

Erfitt er að segja til um framtíðarhorfur í öðrum iðnaði, en ætla má að sú aukning verði takmörkuð.

Atvinnutækifæri í þjónustu munu aukast hvað mest, ef dæma má af þróun undanfarinna ára.

Á skipulagstímabilinu er reiknað með auknu landrými fyrir íbúðabyggingu, iðnað, þjónustu og opinberar byggingar, er nægja ættu áður nefndum flokkum út skipulagstímabilið.

#### 4.4 Opinber þjónusta.

##### 4.4.1 Almennt.

Opinber þjónusta í Súðavík verður að teljast fullnægjandi fyrir bæjarfélag af umgetinni stærð. Fjarlægðin til Ísafjarðar er stutt og yfirleitt greiðfær, þar er sjúkrahús, framhaldsskólar, auk ýmis konar þjónustu er þangað verður að sækja. Lóðir flestra opinberra bygginga í Súðavík eru það rúmar að hægt er að koma fyrir nauðsynlegum stækkunum í tengslum við þær.

##### 4.4.2 Skóli.

Kennsla hófst að Tröð í Súðavíkurhreppi árið 1891 í húsi er byggt var gagngert fyrir skólahald. Síðar var reist húsnæði fyrir barnaskólann 1.5 km fyrir innan þorpið og hefur það verið gert upp að miklum hluta og viðbygging með tveimur kennslustofum verið tekin í notkun. Árið 1994 verður tekin í notkun íþróttasalur og tengibygging við skólann.

Starfræktur er 1-10 bekkur og er fjöldi nemenda um 40 og fastráðnir kennarar eru fimm.

Starfræktur er tónlistarskóli, fjöldi nemenda er 20 og eru fjórir kennarar í hlutastarfi.

Nú stendur yfir bygging leikfimisals á lóð skólans og batnar þá aðstaða til innanhúsiþróttu mikið frá því sem nú er. Sunnan við skólann verður íþróttavöllur í fullri stærð og sparkvöllur í tengslum við hann.

#### 4.4.3 Heilbrigðismál.

Árið 1983 var byggt nýtt húsnæði fyrir heilsugæslu á horni Grímsbrekku og Aðalgötu, einnig eru Súðvíkingar eignaraðilar að sjúkrahúsinu á Ísafirði ásamt nágrannasveitarfélögunum. Læknir frá Ísafirði sér um að þjónusta heilsugæsluna.

#### 4.4.4 Dagvistun.

Nýtt dagheimili var tekið í notkun árið 1986, þeir aðilar er stóðu að byggingunni voru áhugasamtök um byggingu dagheimilis, með styrkjum og framlagi frá ríki og atvinnufyrirtækjum á staðnum, en þar er um að ræða heilsdagsgæslu.

Snjóflóð hafa fallið í námunda við dagheimilið og þrátt fyrir fyrirhugaðar snjóflóðavarnir ber að gæta fyllstu varúðar og staðsetja leiksvæðið með tt. þeirrar hættu.

#### 4.4.5 Félagsheimili og félagastarfsemi.

Reist var félagsheimili 1930 og er það nýtt fyrir fundar- og dansleikjahald og kvikmyndasýningar. Áform eru um að stækka húsnæðið, þar er gert ráð fyrir hliðarsal og ma. hreinlætisaðstöðu, eldhúsi og bar. Á svæðinu sunnan við félagsheimilið er gert ráð fyrir tjaldstæði og útivístarsvæði.

Eftirfarandi félög eru starfrækt í Súðavík: Björgunarsveit Súðavíkur, kvenfélagið Iðja, slysavarnardeild Súðavíkurhrepps (S.V.F.Í.), Söngkór Súðavíkur, verkalyðs- og sjómannafélag Álftfirðinga, ungmennafélagið Geisli og Foreldrarfélag grunnskóla Súðavíkur.

#### 4.4.6 Kirkja, kirkjugarður.

Kirkja og kirkjugarður eru innan við byggðina, kirkjugarðurinn er frá því skömmu eftir aldamót, en kirkjan var flutt frá Hesteyri í Jökulfjörðum, endurbyggð og vígð á páskunum 1963. Lokið er við viðbyggingu við kirkjuna og er þar um að ræða kór og hreinlætisaðstöðu.

#### 4.4.7 Opinber stjórnun.

Skrifstofur hreppsins eru við Njarðarbraut í nýinnréttuðu húsnæði. Sveitarstjóri var fyrst ráðinn 1977 og er hann eini starfsmaðurinn. Löggæsla hefur aðsetur á Ísafirði, þar eru einnig staðsettar fangageymslur.

#### 4.4.8 Bókasafn.

Skömmu eftir aldamót var stofnað lestrarfélag í Súðavík, síðar var bókasafnið flutt í barnaskólann og árið 1978 var safnið sett í geymslu vegna húsnæðisskorts. Árið 1980 var grafinn grunnur að fjölbýlishúsi og var ákveðið að nota hluta af grunninum fyrir bókasafn og var það tekið í notkun 1985. Titlafjöldi er stór en safnið samanstendur aðallega af eldri bókum.

#### 4.4.9 Sundlaug.

Etir aldamótin var byggð sundlaug niður við sjávarmál og var notast við kalt vatn og var hún nýtt fram til 1935. Sund er sótt til Ísasfjarðar og þar með talin sundnámsskeið.

#### 4.4.10 Póstur og sími.

Bréfhirðing hófst 1898, símstöð var opnuð 1946 og sjálfvirku símasambandi var komið á árið 1969, nýtt húsnæði var tekið í notkun árið 1985 og er núverandi starfsemi við Aðalgötu.

#### 4.4.11 Ferðamannþjónusta.

Þjónusta við ferðamenn er lítil, Kaupfélag Ísfirðinga rekur útibú í Súðavík, einnig er rekin bensínafgreiðsla og skyndibitastaður.

Gert er ráð fyrir tjaldstæði og aðstöðu fyrir ferðamenn sunnan við samkomuhúsið, en þar er öll snyrtiaðstaða fyrir hendi, ekki er á döfinni frekari aukning á þeirri þjónustu.

### 4.5 Samgöngur

#### 4.5.1 Almennt.

Umferð um Vestfirði er takmörkuð vegna norðlægrar staðsetningar, veðurfars og hálends landslags, en á seinni árum hefur verið fært suður til Reykjavíkur nánast allt árið.

Töluvert er eftir ógert í vegaf framkvæmdum á Vestfjörðum og er sýnt að umferð mundi aukast mikið ef ástand vega batnaði. Á síðastliðnu ári var hafist handa við gerð jarðganga milli Ísafjarðar, Súgandafjarðar og Önundarfjarðar og verða þau væntanlega tekin í notkun árið 1995 og má segja að þá verður áður nefnt svæði að einu atvinnusvæði.

#### 4.5.2 Samgöngur á landi.

Fjarlægðin milli Súðavíkur og Ísafjarðar er um 20 km og er bundið slitlag á þeirri leið, snjómokstur er alla virka daga þegar þannig stendur á. Þá verður opnun jarðganga væntanlega mikil samgöngubót og stuðlar að aukinni umferð yfir vetrartímenn.

#### 4.5.3 Flokkun gatna.

Stór hluti íbúðabyggðarinnar stendur við þjóðveginn um Djúp, og að auki eru húsagötur.

Eins og fram kemur í kafla 1.2., skýringar hugtaka, er gerð grein fyrir flokkun gatna í þéttbýli í húsagötur og umferðarbrautir, en þær síðastnefndu flokkast í stofnbrautir, tengibrautir og safngötur, allt eftir eðli þeirra. Flestar götur í gömlum hverfum og smærri bæjarfélögum falla undir húsagötur, safngötur og tengibrautir, þó svo að bein aðkoma sé að húsum og lóðum.

Í Súðavík er erfitt að greina á milli safngötu og tengibrautar, eru þær því flokkaðar undir eitt.

1. Stofnbrautir: þjóðvegurinn gegnum Súðavík.
2. Tengibrautir og safngötur, Höfðabrekka og Grimsbrekka.
3. Þær götur er ekki hafa verið taldar upp falla undir húsagötur.

Hafa má í huga er götur eru hannaðar, að skilja má eftir hæfilegt svæði eða auð svæði meðfram götum, þannig að auðveldara sé að koma fyrir snjóruðningi.

Nauðsynlegt er að huga að umferðaröryggi á og við þjóðveginn er liggur gegnum byggðina helst er að gera ráðstafanir til að draga úr umferðarhraða.

#### 4.5.4 Göngustígar og hjólreiðabrautir.

Fjarlægðir innan Súðavíkur eru frekar stuttar en fjöldi gangandi vegfarenda er nokkur, þó aðallega barna á leið til og frá skóla og íþróttavelli og er nauðsynlegt að tryggja öryggi þeirra sem best. Mikil og hröð umferð er á þjóðveginum gegnum byggðina í Súðavík, gera þarf ráðstafanir með því að koma fyrir þrengingum, hraðahindrunum og skiltum er gefa til kynna hvaða hættur leynast í umferðinni.

Mikil aukning hefur orðið á vélhjóla- og reiðhjólanotkun á síðustu árum og hefur það orsakað aukna slyshættu í umferðinni. Gera þarf ráð fyrir því að göngustígar geti að einhverju leiti nýst sem hjólreiðastígar. Í nýjum hverfum þarf að gera ráð fyrir göngu- og hjólreiðastígum í upphafi.

#### 4.5.5 Samgöngur á sjó.

Um Súðavíkurhöfn fer einungis takmarkaður vöruflutningur, útgerðarvörur og hluti nauðsynja til byggðarlagsins en sjávarafurðir til útflutnings fara um höfnina á Ísafirði. Auk olíuskipa hefur flóabáturinn reglubundnar ferðir um Ísafjarðardjúp, þó án viðkomu í Súðavík.

#### 4.5.6 Hafnarsvæðið.

Innsiglingin inn Álftafjörð er djúp og auðveld. Við byggðina og á Langeyri voru reistar bryggjur en við Langeyrina var bryggjan reist fyrir aldamót í tengslum við hval- og sildveiðar Norðmanna.

Árið 1948 keypti Súðavíkurhreppur gamla bryggju í Súðavík og árið eftir var bryggjan lengd og breikkuð. Bryggjuhausinn var stækkaður 1963 og bryggjan klædd utan á tvo vegu, brimvarnargarður var byggður utan við bryggjuna 1968.

Árið 1975 voru hafnarmannvirkin í Súðavík stálpilsbakki sem stendur á ytri enda grjótgarðs og myndar skjól við NA-áttinni. Við stálpilspláss fyrir skuttogarann vantaði viðlegu fyrir bátana og stóð það útgerð fyrir þrifum. Eftir athuganir á hafnarstæðinu og viðræður við heimamenn varð niðurstaðan sú að byggja skjólhöfn innan núverandi hafnargarðs. Þar var fyrst byggður grjótagarður og síðan létt viðlegubryggja innan hans. Þetta verk var hafið árið 1977 og var því lokið árið 1979. Síðan hefur verið byggð löndunarbryggja framan við frystihúsið. Framkvæmdir sem þörf er á eru, að ljúka vinnu við gerð grjótagarðs og bæta viðlegu báta.

#### 4.5.7 Flugsamgöngur.

Súðavíkingar nýta flugsamgöngurnar um Ísafjarðarflugvöll, en þangað hafa Flugleiðir reglulegt áætlunarflug, þá sér flugfélagið Ernir um áætlunaraflug til staða á Vestfjörðum og til Norðurlands. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að flugvöllurinn á Þingeyri þjóni svæðinu sem varaflugvöllur.

#### 4.6 Umhverfi og útivist

##### 4.6.1 Almennt.

Undirlendi í nágrenni Súðavíkur er nokkuð miðað við marga aðra staði á Vestfjörðum, innan við byggðina er hægt að finna gönguleiðir um fjörur, fjöll og dali. Við Álftafjörðinn er landslag fagurt, smábátæign Súðvíkinga hefur aukist nokkuð á síðari árum, enda siglingar orðnar viss þáttur í útivistarlífi Súðvíkinga.

##### 4.6.2 Íþróttasvæði.

Ákveðið var að flytja íþróttastöðuna suður fyrir barnaskólann og þar verður knattspyrnuvöllur í löglegrri stærð, ásamt hlaupabrautum og verður væntanlega unnið að endanlegum frágangi á næstu árum.

Sparkvöllur er við skólann, í byggingu er íþróttasalur á skólalóðinni og kemur þá búningsaðstaðan einnig til með að nýtast fyrir íþróttasvæðið.

##### 4.6.3 Vetrariþróttir.

Aðstaða til iðkunar vetrariþróttar í Súðavík verður að teljast nokkuð góð, undirlendi er nokkuð og eru möguleikar á að stunda skiðagöngu góðir. Fyrir nokkrum árum var keypt skiðalyfta og er hún staðsett í brekku ofan við miðbik þorpsins. Aðstaða til skautaiðkunar er á tjörninni á Langeyri. Einnig er aðstaðan fyrir skiðaíþróttir á Seljarlandsdal við Ísafjörð mikið notuð.

##### 4.6.4 Almenningsgarðar.

Skógrækt verður ofan við byggðina norðanverða. Ekki er gert ráð fyrir almenningsgarði í aðalskipulaginu, en ekki væri úr vegi að gera ráð fyrir gróðurreitum í framtíðinni í og við byggðina. Helst að nefnda deiliskipulag og frágang miðbæjar að þar mætti gera ráð fyrir svæði fyrir gróður er setja myndi skemmtilegan svip á byggðina.

##### 4.6.5 Hestamennska.

Núverandi staðsetning hesthúsa er innan snjóflóðahættusvæðis og er gert ráð fyrir nýrri staðsetningu í aðalskipulaginu, og er hún nokkuð fyrir sunnan byggðina í landi Eyrardals.

Umhverfi Súðavíkur hefur verið girt fjárheldri girðingu og er grindarhlið við aðkomuleiðirnar inn í byggðina.

#### 4.7 Ýmis þjónusta

##### 4.7.1 Vatnsveita.

1960 var lögð vatnsveita í öll hús, en fyrir þann tíma var hvert hús með sína veitu eða brunn. Stífla er úppi á Sauradal og hefur aðstaðan þar verið endurnýjuð svo og aðveituæðin.

Vatnsmagnið er takmarkað, aðallega í langvarandi frostveðrum og á rigningarlitlum sumrum og sérstaklega ef full afköst eru í frystihúsinu. Unnið er að athugunum á nýjum vatnslindum og stefnt er að því að nýta þær innan tveggja ára. Brýnasta framtíðarverkefnið er að reisa miðlunargeymi með hreinsibúnaði.

##### 4.7.2 Brunavarnir.

Tækjakosturinn samanstendur af Landrover jeppa og kerru, tveimur dælum auk annars útbúnaðar. Ágætt húsnæði er fyrir tækjabúnaðinn, einnig er fjöldi brunahana og dreifing þeirra viðunandi.

##### 4.7.3 Rafveita.

Súðavík er hluti af dreifikerfi Orkubús Vestfjarða, þar er staðsett varaaflistöð sem er tengd inn á sameiginlegt dreifikerfi og nýtist jafnframt nágrannabyggðalögunum. Búið er að rafvæða öll býli í næstu sveitum að einu undanskildu, Eyri í Seyðisfirði.

##### 4.7.4 Hitaveita

Ekkert nýtanlegt heitt vatn hefur fundist í nágrenni Súðavíkur og er ólíklegt að nokkuð heitt vatn finnist. Flest hús eru kynt með rafmagnshitun og fjölgar þeim stöðugt.

##### 4.7.5 Skólpl.

Skólplagnir voru endurnýjaðar á árunum 1975-76 og eru allar lagnir komnar út fyrir stórstraumsfjöruborð.

**5 FRAMKVÆMD SKIPULAGS OG  
ENDURSKOÐUN**

#### 4.7.6 Sorpeyðing.

Ekið er með sorp í sorpeyðingarstöðina í Hnífsdal þar sem það er brennt. Undanfarið hefur verið unnið að því að kanna möguleika á sameiginlegri sorpeyðingu fyrir norðurhluta Vestfjarða og hefur í því sambandi verið stofnað sorpsamlag fyrir svæði Héraðsnefndar Ísafjarðarsýslu.

Gert er ráð fyrir sorpbrennslu á Ísafirði af fullkomnustu gerð, þá þarf einnig að ákveða staðsetningu fyrir sorpurðunarstað. Einnig er verið að skoða möguleika á að kaupa litla sorpbrennslustöð er hægt verður að nýta til að kynda skólamannvirki.

Gera verður ráð fyrir aðstöðu til flokkunar sorps í Súðavík og er eðlilegast að sú staðsetning verði á norðurhluta iðnaðarsvæðisins við höfnina. Ekki hefur verið tekin afstaða til staðsetningar sorpbrennslustöðvar verði af þeirri framkvæmd, en gera verður ráð fyrir að sú staðsetning verði í nágrenni við skólamannvirkin þar sem nýta á varmaorkuna.

## 5 FRAMKVÆMD SKIPULAGS OG ENDURSKOÐUN


### 5.1 Framkvæmd skipulags og endurskoðun.

Í kafla 1.1. um aðalskipulag eru taldir upp helstu þættir varðandi staðfestingu aðalskipulags, gildistíma og endurskoðun. Auk reglubundinnar endurskoðunar getur reynst nauðsynlegt að breyta aðalskipulagi og er þá um tvær leiðir að velja. Ef um meiri háttar breytingu og er að ræða þarf að auglýsa hana á sama hátt og um nýtt aðalskipulagi væri að ræða. Sé breytinging hins vegar óveruleg, getur Skipulagsstjórn staðfest breytinguna án undangenginnar auglýsingar, enda fylgi yfirlýsing sveitarstjórnar þess efnis, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna (sbr. 3. og 4.mgr. 19.gr. Skipulagslaga). Innan marka aðalskipulags þarf að jafnaði að gera deiliskipulag er kveður nánar á um tilhögun á einstökum lóðum (sbr. 9.gr. Reglugerðar um gerð skipulagsáætlana). Ef vikið er frá aðalskipulagi skal sérstaklega gerð grein fyrir nauðsyn á slíku fráviki.

Varðandi þau svæði í Súðavík þar sem fallið hafa snjóflóð gilda ákvæði 7.gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, samþykkt á Alþingi 22. maí 1985.

"7.gr.

Sveitarstjórn hefur látið gera tillögu að varnarvirkjum fyrir hættusvæði sem byggð eru eða byggð verða samkvæmt aðalskipulagi.



SKYRINGAR

- [Symbol] BUDIR
- [Symbol] DNÆLIR ATVINNUREKSTUR
- [Symbol] OPINBERAR STOFNANIR
- [Symbol] VÆRSLUN SKRIFSTOFUR
- [Symbol] LANDBLVAÐARBYGGINGAR
- [Symbol] OPIN SVADI TIL SERSTAKRA NOTA
- [Symbol] OPIN SVADI ÖBYGGD
- [Symbol] TIL AFNOTA EFTIR SKIPULASTI MARI
- [Symbol] GÖNGUSTIGAR
- [Symbol] SNJÓFLÓÐAHATTA
- [Symbol] RARFAGNSLÍKA SPENNISTÓÐ
- [Symbol] KALDAVATNSLEIÐSLA

- 1) ORKUBJ VESTFJARCA
- 2) FIRKJA
- 3) SKOLI DRÖTTAMUS
- 4) FELAGSHEIMIL
- 5) DAGHEIMIL
- 6) HEILSUGESLA
- 7) POSTUR OG SM
- 8) STORNSALA
- 9) SLOKRVISTOD
- 10) SVFTI
- 11) DRÖTTAVOLLUR
- 12) SKOGRANT
- 13) TJALDSTAR
- 14) LEIKSVADI
- 15) GRAFREITUR
- 16) SVADI HESTAMANNA
- 17) SPARKVOLLUR
- 18) MALARNAH

UPPDRAKTUR DESS ER SAMDYKKTUR AF HREPPS-  
VEFND SUDAVIKUR 1993

UPPDRAKTUR DESS ER AFGREIÐDUR AF SKIPULAGS-  
STJORN TIL STJORNARRAÐSINS TIL STAÐFESTINGAR  
REYKJAVIK 1993

UPPDRAKTUR DESS ER AFGREIÐDUR SAMFLEMT  
LÖGUM NR 19 21 MA 1994 OG BIRTIST TIL  
LEIÐBEININGAR OG EFTIRBBREYTIÐULLUM SEM  
HLUT EIGA AÐ MALI  
FELAGSMALAPRAGUNEYTI 1993

Ekki má hefja byggingar á óbyggðum hættusvæðum né þetta þá byggð, sem fyrir er á hættusvæðum, fyrr en tilskildum varnarvirkjum hefur verið komið upp."

Helstu breytingar á núverandi tillögu frá staðfestu aðalskipulagi er staðfest var 9. september 1974 eru þær, að snjóflóðahættumat það er gert var fyrir byggðina og staðfest 17. nóvember 1989 breytir þeim forsendum er varða stækkunarmöguleika íbúðabyggðarinnar ofan við höfnina.

Íbúðabyggð við barnaskólann hefur breyst með landakaupum sveitarfélagsins á jörðinni Eyrardal og hefur búskap á þeirri jörð verið hætt, en þar er fyrirhuguð framtíðar íbúðabyggð. Einnig hafa verið færðar inn þær breytingar er hafa átt sér stað á undanförunum árum og má þar ma. nefna staðsetningu íþróttavallar, tjaldstæði, iðnaðarsvæði og hesthúsa.

## 5.2 Meginþættir aðalskipulagsins.

Með tilliti til svæðisbundinna framkvæmda á landsvæði því er aðalskipulag Súðavíkur nær yfir er notast við eftirfarandi merkingar: Númerið eru þrjú svæði og hér á eftir er gerð grein fyrir hverja svæði fyrir sig.

**Svæði 1:** Stærð ca. 12 ha.

**Landnotkun:** Íbúðabyggð, iðnaður, opinber þjónusta, verslun og útivistarsvæði.

**Íbúðabyggð:** Einungis er gert ráð fyrir aukinni byggð við Aðalgötu norðanverða og er þar aðeins um að ræða þrjár lóðir.

**Iðnaður:** Landrymi fyrir iðnað er takmarkað á þessu svæði er einungis gert ráð fyrir hafsæknum iðnaði og sorpmóttöku á norðurhluta svæðisins. Hluta af því svæði sem um er að ræða þarf að fylla upp og verður það gert eftir því sem þörf krefur.

**Opinber þjónusta:** Opinberar stofnanir eru skrifstofa sveitarfélagsins, Póstur og sími, dagheimili, fjarskiptamastur og tvær óbyggðar lóðir við Aðalgötu.

Við dagheimilið er nauðsynlegt að reisa varnargarð vegna snjóflóðahættu, um mikið mannvirki er að ræða og er nauðsynlegt að vel sé staðið að hönnun hans og framkvæmd, þar sem hann verður mjög áberandi í landslaginu og kemur hann til með að sjást víða að.

Á óbyggðum lóðum við Aðalgötu er gert ráð fyrir byggingum er rúma opinbera þjónustu, verslun og þjónustu.

Útivistarsvæði: Skógræktarsvæði verður ofan við byggðina og leikvöllur við dagheimili nýttist börnum utan vistunartíma.

Svæði 2: Stærð ca. 5 ha. íbúðabyggð, iðnaður, opinber þjónusta og útivistarsvæði.

Íbúðabyggð: Gert er ráð fyrir nokkrum íbúðalóðum við sunnanverða Túngötu og verða lóðirnar sunnan götunnar litlar vegna landleysis. Umrætt svæði byggist fyrst af þeim svæðum þar sem fyrirhuguð er íbúðabyggð og þarf að deiliskipuleggja það fljótlega.

Iðnaður: Ein iðnaðarlóð er á þessu svæði og er hún óbyggð.

Opinber þjónusta: Á svæðinu er heilsugæsla, félagsheimili slökkvistöð og dísilrafstöð Orkubús Vestfjarða.

Við félagsheimilið er fyrirhuguð stækkun er bætir alla aðstöðu þar til muna.

Útivistarsvæði: Gert er ráð fyrir leiksvæði og tjaldstæði á þessu svæði og verður nauðsynleg aðstaða er tengist tjaldstæði í félagsheimilinu.

Svæði 3: Stærð ca. 22 ha. íbúðabyggð, iðnaður, opinber þjónusta, verslun og þjónusta og grjótnáma.

Íbúðabyggð: Gert er ráð fyrir íbúðabyggð ofan núverandi byggðar og þarf að deiliskipuleggja það svæði, þar þarf að taka tt. snjóalaga þó sérstaklega á aðkomuvegi. Gera þarf ráð fyrir leiksvæði er nýttist svæðinu öllu.

Iðnaður: Iðnaðarsvæði er ofan við byggðina og er það sérstaklega ætlað fyrir útbúnað er tengist sjávarútvegi, en engar byggingar eru fyrirhugaðar þar.

Opinber þjónusta: Ofan við byggðina er vatnstaka fyrir Súðavík og spennistöð. Framkvæmdir eru fyrirhugaðar vegna vatnsöflunar, um er að ræða byggingu miðlunartanks, en staðsetning hanns hefur ekki verið ákveðin.

Verslun og þjónusta: Kaupfélags ísfirðinga rekur verslun í eldra húsnæði og er gert ráð fyrir að sú starfsemi flytjist í nýtt húsnæði á skipulagstímabilinu.

Grjótnáma er staðsett ofan við byggðina og hefur það efni verið nýtt til hafnargerðar.

Svæði 4: Landbúnaður, íbúðabyggð, iðnaður, opinber þjónusta og útivistarsvæði.

Landbúnaður: Sunnan við byggðina er jörðin Eyrardalur og hefur sveitarfélagið keypt jörðina og búskapur verið aflagður.

Íbúðabyggð: Framtíðar íbúðabyggð verður í landi Eyrardals, en aðeins lítill hluti þess lands byggist á skipulagstímabilinu.

Iðnaður: Gert er ráð fyrir stækkun iðnaðarsvæðisins á Langeyri og þarf að deiliskipuleggja það svæði.

Opinber þjónusta: Á svæðinu er skóli, kirkja, Orkubú Vestfjarða og S.V.F.Í., fyrirhugaðar framkvæmdir eru bygging leikfimi húss á skólalóðinni og unnið er að viðbyggingu við kirkjuna.

Útivistasvæði: Kirkjugarður, íþróttavöllur, sparkvöllur, hesthúsasvæði og almennt útivistarsvæði.

Íþróttavöllur verður sunnan við skólann, þar er gert ráð fyrir knattspyrnuvelli í fullri stærð og hlaupabrautum, búningsklefar verða í fyrirhuguðu leikfimi húsi. Einnig er gert ráð fyrir sparkvelli í tengslum við skólann.

Hesthúsasvæði verður flutt suður fyrir byggðina þar sem núverandi staðsetning er á snjóflóðasvæði.

Á Langeyri verður almennt útivistarsvæði og nýtist sú aðstaða ekki sist yfir vetrartímann, sem svæði fyrri skauta- og skiðiþróttina.

### 5.3 Eignarhald á landi.

Mest af landi í og við byggð í Súðavík eru í eigu hreppsins, mikið var keypt á árunum 1950-1960. Þó eru eftir einstaka landskikar um þorpið í eigu einstaklinga, en ekki er talið að það standi í vegi fyrir skipulagi né byggingaframkvæmdum á skipulagstímabilinu.

Súðavíkurreppur keypti land býlisins Eyrardals árið 1993 og á því svæði verður framtíðar byggingaland hreppsins.

## 6 LOKAORÐ, HEIMILDIR

## 6 LOKAORÐ OG HEIMILDIR

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir landsvæðum fyrir íbúðir og atvinnustarfssemi og er skiptingin tvíþætt, þ.e.a.s. svæði sem áætlað er að byggist á skipulagstímabilinu miðað við íbúaspá, svo og byggingarsvæði að því tímabili loknu.

Erfitt er að segja um framtíðrþróun, en í greinargerð þessari er gerð grein fyrir þróuninni fram til dagsins í dag og út frá þeim forsendum reynt að draga ályktun um þróunina á skipulagstímabilinu.

### 6.2 Heimildir

#### 6.2 Heimildir

Fiskifélag Íslands	Tölfræðileg gögn.
Hafnarmálastofnun:	Hafnargerðir 4 ára áætlun 1984-1987. Maí 1984.
Hagstofa Íslands:	Hagtiðindi 1964-1984. Tölfræðileg gögn.
Landvernd:	Vistfræði hafsins. Lesarkir Landverndar 2. Rvk 1977.
Markús Á Einarsson:	Veðurfar á Íslandi. Rvk 1976.
Páll Lindal:	Bæirnir byggjast, skipulagsstjóri, Sögufélag 1982.
Skipulagsstofa höfuðborgarsvæðisins:	Orð og orðtök í skipulagi. Rit IV. sept. 1981.
Súðavíkurhreppur:	Sveitarstjórnarmál, 1.tbl. 1986.
Veðurstofa Íslands:	Tölfræðileg gögn.

Leitað hefur verið til fjölmargra heimamanna varðandi ýmsar upplýsingar.